

Þriðjudaginn 7. júní 1983.

Nr. 15/1981. **Bergur Haraldsson**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Áka Jónssyni og**Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f**

(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Jónsson og Gautur Jörundsson, settur hæstaréttar-dómari.

Áfýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1981 og gert þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum 4.521.68 krónur ásamt 27% ársvöxtum frá 27. september 1979 til 18. desember 1979, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur lækkaðar og málskostnaður felldur niður fyrir báðum réttum.

Ökumaður bifreiðar áfrýjanda, Y 484, ætlaði að snúa bifreið sinni á vegi með því að taka svokallaða U-beyju. Slíkt er því aðeins heimilt samkvæmt 4. mgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, að unnt sé að gera það án áhættu eða óþæginda fyrir aðra umferð. Skilja verður ákvæði þetta svo, að ökumanni, sem svo ætlar að gera, beri að ganga úr skugga um, að fyrirhugaður akstursmáti geti ekki valdið öðrum vegfarendum áhættu eða óþægindum, og beri sjálfur áhættu og ábyrgð á röngu mati í þessu efni. Þá þykja ákomustaðir á bifreiðunum, vinstra afturhorn bifreiðar áfrýjanda og hægra framhorn bifreiðar stefnda Áka, og staðsetning glerbrota á akbraut, þ. e. við skiptilínu akreina, gefa til kynna, að bifreið áfrýjanda hafi að einhverju leyti verið í hægri akrein, er byrjað var að sveigja henni til vinstri. Hefur ökumaður því eigi gætt ákvæða 2. mgr. 46. gr. umferðarlaga. Samkvæmt því, er að framan greinir, á hann höfuðsök á árekstrinum.

Sannað er með eigin framburði Bjarna Þorvarðar Ákasonar, ökumanns á bifreið stefnda Áka Jónssonar, sem studdur er af framburði móður hans, Jónínu Bjarnadóttur, að hann ók bifreiðinni með 50—60 km hraða. Hemlaför eftir bifreið hans eru talin 14 metra löng. Þykir lengd hemlafara og styrkja það, sem fram hefur komið um ökuhraða. Leyfður hámarkshraði á þessum vegi er 50 km á klst. Hefur ökumaður því eigi gætt ákvæða 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 50. gr. sömu laga, sbr. 1. gr. nr. 16/1977. Á hann því einnig nokkra sök á árekstrinum. Þykir rétt, að áfrýjandi beri tjón sitt að $\frac{2}{3}$ hlutum sjálfur, en stefndu bæti honum það óskipt að $\frac{1}{3}$ hluta, sbr. 68. gr. og 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968.

Áfrýjandi sundurliðar dómkröfur sínar á þann hátt sem greint er í héraðsdómi. Stefnu hafa ekki andmælt fyrri lið kröfunnar tölulega. Þeir mótmæla ekki, að áfrýjandi hafi orðið af notum bifreiðar sinnar í 10 daga, eins og hann heldur fram. Hins vegar andmæla þeir því, að tjón áfrýjanda vegna afnotamissis hafi verið meira en 8.500. gkr. á dag.

Við það verður að miða, að áfrýjandi hafi notað bifreið sína við starf sitt. Þykir mega taka til greina kröfu hans um bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar. Samkvæmt þessu verður tjón áfrýjanda talið nema 452.168 gkr. (352.168 + 100.000 gkr.), eða 4.521.68 krónum. Af þeirri fjárhæð ber stefndu samkvæmt framansögðu að greiða óskipt $\frac{1}{3}$ hluta, eða 1.507.23 krónur með vöxtum, svo sem krafist er, en vaxtakröfu hefur ekki verið mótmælt.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóns, en rétt þykir að dæma stefndu in solidum til þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 7.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Áki Jónsson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt áfrýjanda, Bergi Haraldssyni, 1.507.23 krónur með 27% ársvöxtum frá 27. september 1979 til 18. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til

1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hérðasdóms skal óraskað. Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. desember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 27. nóvember sl., höfðaði Bergur Haraldsson framkvæmdastjóri, Hrauntungu 22, Kópavogi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. desember 1979, gegn Áka Jónssyni, Staðarseli 1, Reykjavík, og Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 452.168 ásamt dómvöxtum frá 27. september 1979 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 452.168 með 27% ársvöxtum frá 27. september 1979 til 18. desember 1979, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast aðallega, að stefndu verði sýknaðir af kröfu stefnanda og þeim til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati bæjarþingsins, en til vara, að sök verði skipt í málinu og málskostnaður felldur niður.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Samkvæmt framlagðri lögregluskýrslu á dskj. 3 eru málavextir þeir, að 27. september 1979 varð áreksstur á Suðurlandsbraut við Hallarmúla í Reykjavík á milli bifreiðarinnar Y 484, sem er eign stefnanda, og bifreiðarinnar R 55296, eignar stefnda Áka Jónssonar. Ökumaður bifreiðar stefnanda var dóttir stefnda, Anna Rós Bergsdóttir, og ökumaður bifreiðar stefnda sonur stefnda, Bjarni Þorvarður Ákason.

Í vettvangslýsingu í lögregluskýrslunni kemur fram, að bifreiðinni Y 484 hafi verið ekið út af bifreiðastæðinu framan við Hótel Esju og síðan austur Suðurlandsbraut og við gatnamót Hallarmúla í U-beygju. Bifreiðinni R 55296 var ekið austur Suðurlandsbraut eftir vinstri akrein. Ákomustaður á Y 4848 er merktur aftarlega vinstra megin á bifreiðinni R 55296 hægra megin að framan.

Síðan segir m. a. svo í lögregluskýrslunni:

„Ökumaður bifreiðarinnar Y 484 kvaðst hafa ekkið út af bifreiðastæðinu framan við Hótel Esju og ekið rakleitt yfir á vinstri akrein Suðurlandsbrautar og síðan áfram austur götuna. Hann sagði, að er hann hafi nálgast gatnamót Hallarmúla, hafi hann ákveðið að taka U-beyju og halda vestur Suðurlandsbraut. Hann sagðist hafa gefið stefnumerki um ætlan sína og eins litið í baksýnispegilinn og séð í honum til ferða bifreiðarinnar R 55296, en fundist hún vera það langt í burtu, að hann slyppi. Hann kvaðst síðan hafa fært bifreið sína eitthvað yfir á hægri akreininu til að ná beyjunninni betur, en rétt í því sem hann beygði varð áreksturinn. Ökumaður bifreiðarinnar R 55296 kvaðst hafa ekið austur Suðurlandsbraut eftir vinstri akrein og ætlað áfram sömu leið og verið á ca. 50 km hraða m/klst. Hann sagðist ekkert hafa veitt ferðum bifreiðarinnar Y 484 neina athygli, fyrr en hann hemlaði bifreið sinni, en þá hafi bifreiðin Y 484 verið þvert á akreininni fyrir framan hann. Hann sagðist ekkert hafa getað gert til að afstýra árekstrinum. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum voru: Y 484, afturhöggvari, vinstra afturaurbretti og ljós og gafl. R 55296, framhöggvari, hægri framaurbretti, grill og hægri ljósker.“

Lögregluskýrslunni fylgir uppdráttur af vettvangi, þar eru m. a. sýnd hemlaför R 55296 7 cm að lengd, þ. e. 14 m.

15. október 1979 óskaði ökumaður Y 484, Anna Rós Bergsdóttir, eftir að gera athugasemd við lögregluskýrsluna. Áminnt um sannsögli kvaðst hún telja uppdráttinn réttan. Varðandi skýrsluna vildi ökumaður Y 484 gera þá athugasemd, að þegar hún var spurð um, hvort hún hefði ekið yfir á hægri akrein, áður en hún beygði, þá hefði hún svarað því til, að ef svo hefði verið, hefði það aðeins verið hægri dekkinn á bifreiðinni, sem hefðu verið á akreinalínunni. Hún tók einnig fram, að þegar hún leit í baksýnispegil, hefði hún séð einhverja bifreið á eftir nokkuð langt fyrir aftan. Það væri ekki eftir sér haft, að það hafi verið bifreiðin, sem hún lenti í árekstri við. Hún hafi aðeins sagt, að hún hafi séð einhverja bifreið. Bifreið hennar hafi kastast til hægri að aftan við áreksturinn og verði staða hennar á götunni að skoðast með tilliti til þess. Einnig tók hún fram, að í bifreiðinni voru þrjár farþegar, sem hafi fengið að sitja í, en séu ekki tengdir sér eða skyldir. Óskaði hún eftir því, að skýrslur verði teknar af þeim.

16. október 1979 gaf ökumaður R 55296, Bjarni Ákason, skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu. Hann taldi uppdráttinn réttan í öllum aðalatriðum, en sagðist þó minna, að bifreiðin Y 484 hafi staðið aðeins aftan en sýnt er á uppdráttinum. Bifreiðin hafi færst aðeins til hægri að aftan við áreksturinn, en ekki mikið. Bjarni Ákason sagði allt rétt eftir sér haft í skýrslunni. Bifreiðin Y 484 hafi komið þarna í veg fyrir sig og sé alveg fráleitt, að bifreiðinni hafi verið ekið á vinstri akrein fyrir áreksturinn, því þá hefði

hún blasað við honum. Þegar hann sá bifreiðina framundan, hafi hann séð vinstri hlið hennar. Hann kvaðst hafa hlustað á, þegar lögreglan ræddi við ökumann Y 484, og hefði hún gefið mjög loðin svör við því, hvar hún ók á götunni, áður en hún beygði. Þó hefði hún sagt, að verið gæti, að hún hefði verið á báðum akreinum.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi 22. október sl. kom fram hjá ökumanni bifreiðarinnar Y 484, Önnu Rós Bergsdóttur, að hún hafi ekið út af planinu við Hótel Esju og beint yfir á vinstri akrein, síðan gefið stefnuljós og ætlað að taka beyju og fara í Kópavog. Anna fullyrti, að hún hafi ekið allan tímann á vinstri akrein. Hún taldi uppdráttinn, sem fylgir lögregluskýrslunni á dskj. 3, réttan, eftir að áreksturinn varð. Anna kvaðst alveg örugglega hafa gefið stefnuljós og hafi hún tekið eins víða beyju eins og leyfilegt er og hafi hún farið eins nálægt miðlínunni og hægt var. Hún hafi séð einhvern bil, en vissi ekki, hvort það var bifreiðin R 55296. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir því, hvort það var þessi bill. Billinn hafi verið langt frá. Anna staðfesti sem rétta skýrslu sína hjá lögreglu 15. október 1979. Hún sagði, að farþegar í bifreiðinni hafi verið Þóra Ásgeirsdóttir, Benedikt, sem hún vissi ekki, hvers son er, og Ýr, sem hún ekki vissi, hvers dóttir er.

Sama dag var vitnið Þóra Ásgeirsdóttir, mun til heimilis að Hrauntungu 18, Kópavogi, yfirheyrð hér fyrir dómi vegna máls þessa. Hún lýsti akstursleið bifreiðarinnar Y 484 þannig, að þau hafi verið að koma frá bifreiðastæðinu á Hótel Esju og hafi þau keyrt í austur og farið sem sagt beint yfir á hægri akrein og ætlað að taka U-beyju í vestur og hafi þau verið svona nærri því stopp og þá sem sagt hafi þessi bifreið komið. Þau hafi verið, þar sem þau voru, sem sagt að beyja. Vitnið leiðrétti sig síðar og sagði, að þau hefðu ekið eftir vinstri akrein og hafi þau farið beint yfir á vinstri akrein og ekið eftir vinstri akrein allan tímann. Við beygjuna hafi bifreiðin ekki farið af vinstri akrein. Vitnið kvaðst hafa setið fram í við hlið ökumanns. Ökumaðurinn hafi gefið stefnuljós. Þau hafi ekið af bílastæðinu beint yfir á vinstri akreinina. Uppdrátturinn, sem fylgir lögregluskýrslunni, var borinn undir vitnið, og sagði vitnið, að hún gæti ímyndað sér, að R 55296 hafi verið kannski nær eyjunni meir til vinstri.

Ökumaður bifreiðarinnar R 55296, Bjarni Ákason, bar við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að hann hafi komið akandi eftir Suðurlandsbrautinni vinstra megin og síðan hafi hann ekki vitað fyrr en að hafi komið bill bara allt í einu fyrir framan sig og hafi hann gert sitt besta og reynt að bremsa. Hann kvaðst fyrst hafa séð bifreiðina, þegar hún keyrði fyrir sig. Bifreiðin hafi komið af hægri akrein. Sjálfur kvaðst Bjarni hafa verið á miðri vinstri akrein. Bjarni taldi, að kannski ætti bifreiðin Y 484 að vera aðeins nær Hallarmúlanum en hann er sýndur á uppdrættinum, sem fylgir lögregluskýrslunni á dskj. 3. Að öðru leyti taldi hann uppdráttinn réttan. Hann

kvaðst halda að hann hafi verið á svona 50—60 km hraða. Bjarni mundi ekki eftir því, að notuð hefðu verið stefnuljós á bifreiðinni Y 484. Bjarni staðfesti sem rétta skýrslu, sem hann gaf fyrir rannsóknarlögreglu 16. október 1979, en tók fram varðandi það, sem eftir honum var bókað á vettvangi, að hann hafi fylgst með umferðinni, en ekki þessum ákveðna bíl, og tók fram, að hann hafi ekki getað vitað, að hann mundi allt í einu keyra fyrir sig. Bjarni kvaðst hafa stoppað við umferðarljós og hafi verið fyrstur þar og hafi ekki verið bifreiðar á undan honum á leiðinni austur Suðurlandsbraut nema þá í það mikilli fjarlægð, að það skipti engu máli. Ekki hafi verið bílar samsíða honum nema þá bifreiðin Y 484, sem komið hafi út af Esju eða eitthvað svoleiðis. Bjarni kvaðst ekki geta sagt um það, hvort hann hafi séð, þegar Y 484 kom út af innkeyrslunni, hann kvaðst ekki muna það alveg. Með Bjarna í bifreiðinni var einn farþegi, Jónína Bjarnadóttir, móðir hans.

Jónína Bjarnadóttir, eiginkona stefnda Áka Jónssonar og móðir Bjarna Ákasonar, ökumanns R 55296, var yfirheyrð hér fyrir dómi vegna máls þessa. Jónína kvaðst hafa setið við hlið ökumanns R 55296. Jónína sagði, að þau hafi farið yfir á ljósum á horni Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsbrautar og keyrt beint inn vinstri akrein, því það hafi verið strætisvagnar á ferðinni á hægri akrein, og þegar þau hafi verið á móts við Hótel Esju, hafi strætisvagn verið á ferðinni á hægri akrein og fleiri bílar. Þegar þau nálgudust gatnamótin á Hallarmúla og Suðurlandsbraut, hafi allt í einu komið bíll þversum yfir vinstri akreinina og þau hafi lent á bílnum. Jónína kvaðst fyrst virkilega hafa séð bifreiðina, þegar hún var þversum á akbrautinni fyrir framan, en kvaðst gera ráð fyrir, að það hafi verið bílar á ferðinni á hægri akrein og þessi hljóti að hafa verið ein af þeim. Á undan Y 484 á hægri akrein hafi verið strætisvagn. Jónína fullyrti, að Y 484 hafi ekki verið á vinstri akreininni, það hafi verið frí braut á undan þeim. Jónína kvaðst hafa séð Y 484 þversum yfir vinstri akrein allt í einu. Jónína taldi, að Y 484 hafi verið nær R 55296 eftir áreksturinn en hann er sýndur á uppdrættinum, sem fylgir dskj. 3. Jónína taldi, að R 55296 hafi verið ekið eitthvað yfir 50 km hraða.

Ýr Gunnlaugsdóttir nemi, til heimilis að Kjarrhólma 30, Reykjavík, var yfirheyrð hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá Ýr, að bifreiðinni Y 484 hafi verið ekið út frá Hótel Esju, skipt um akrein og farið yfir á vinstri akrein, ekið eftir henni og tekin U-beyja og hafi bifreiðin Y 484 verið í beyjunni, þegar bifreið hafi verið ekið á vinstri hlið hennar. Bifreiðin hafi kastast til. Ýr taldi uppdráttinn á dskj. 3 réttan. Ákomustaðir á bifreiðinni Y 484 sennilega rétt merktir, kannski hafi það verið meira í áttina að hurðinni en þeir eru á uppdrættinum. Ýr kvaðst hafa setið aftur í vinstra megin og ekki hafa fylgst með umferðinni. Ýr kvaðst vera óskyld Önnu

Rós, en þær þekktust þannig, að þær heilsuðust, en Ýr vissi ekki, hvers dóttir Anna Rós er.

Lögreglumennirnir Steinþór Hilmarsson og Gunnlaugur Valtýsson komu fyrir dóm vegna máls þessa. Fram kom hjá Gunnlaugi, að hann hafi gert uppdráttinn á dskj. 3, og kvaðst hann muna óljóst eftir málinu. Hann talaði ekki við neinn, gerði bara uppdráttinn, og sagði hann uppdráttinn gerðan eftir bestu vitund. Ef sjáanleg hefðu verið bremsuför eða hjólför eftir Y 484, þá hefðu þau verið látin inn á uppdráttinn.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ökumaður bifreiðarinnar R 55296 eigi alla sök á árekstrinum. Í fyrsta lagi hafi hann brotið gegn 50. gr. umferðarlaga, þar sem eigi sé heimilt að aka hraðar en 50 km á klst. í þéttbýli, en augljóst sé af bremsuförum bifreiðar hans, sem hafi mælst 14 metrar, áður en bifreið stefnda skall á bifreið stefnanda, og það upp í móti, að bifreiðin hafi verið á miklu meiri hraða. Í öðru lagi hafi ökumaður R 55296 gerst brotlegur við 5. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Í þriðja lagi hafi ökumaður R 55296 gerst brotlegur við 49. gr., 2. mgr., umferðarlaga, þar sem segi, að hraði bifreiðar megi aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti stöðvað hana á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem sé auð og hindrunarlaus framundan og ökumaðurinn hafi útsýn yfir. Þessa hafa ökumaður bifreiðar stefnda eigi gætt og sé hér um hreina aftanákeyrslu að ræða.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt þannig:

- | | |
|---|-------------|
| 1. Viðgerðarkostnaður | kr. 352.168 |
| 2. Afnotamissir í 10 daga, kr. 10.000 á dag | — 100.000 |

Kr. 452.168

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að akstur ökumanns bifreiðar stefnanda hafi á allan hátt verið réttur og í samræmi við umferðarlög, sbr. 46. gr., 2. mgr. Áður en ökumaður bifreiðar stefnanda hafi að fullu komist yfir á hinn vegarhelminginn, hafi bifreið stefnda, sem ekið hafi verið á eftir henni á sömu akrein, verið ekið aftan á bifreið stefnanda. Árekstur þessi sé að öllu leyti ökumanni bifreiðar stefnda að kenna, enda hafi ökumaðurinn ekki virst hafa huga við aksturinn, þar sem hann segi í lögregluskýrslu, að hann hafi ekki veitt bifreið stefnanda athygli, sem hafi verið ekið á undan honum góðan spöl. Ökumaður R 55296 hafi, eins og áður segir, með akstri sínum brotið gegn 49. gr., 2. mgr., umferðarlaga og 5. mgr. 45. gr. umferðarlaga svo og 50. gr., 1. mgr., sömu laga. Beri því eigandi bif-

reiðarinnar R 55296 að bæta stefnanda tjón sitt ásamt ábyrgðartryggjanda bifreiðar stefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ljóst sé, að meginorsök árekstursins hafi verið akstursmáti ökukonu Y 484, sem hafi skyndilega ákveðið að taka U-beyju vestur Suðurlandsbraut, og skv. framburði hennar hafi þessi ákvörðun verið tekin, þar sem hún hafi talið sig „sleppa“. Með þessu aksturslagi sínu hafi hún brotið gegn 45. gr. umferðarlaga, 4. mgr., og 46. gr., 1. og 2. mgr.

Ökumaður R 55296 hafi ekið á löglegum hraða og verði það ekki virt honum til áfellis að geta ekki stöðvað bifreið sína, þegar ekið hafi verið svo skyndilega í veg fyrir hann. Bendi ákomustaðir, þ. e. vinstra afturhorn Y 484 og hægra framhorn R 55296, til þess, að bifreið stefnanda hafi nánast verið þversum á akreininni. Beri af þessum sökum að sýkna stefnda alfarið. Verði ekki fallist á það sjónarmið, er því haldið fram, að sök ökumanns R 55296 sé ekki nema að hluta.

Viðgerðarreikningum á dskj. 4—10 er ekki mótmælt og ekki dagafjöldi vegna afnotamissis, en hins vegar er fjárhæð kröfu vegna afnotamissis, kr. 10.000 á dag, mótmælt, á þessum tíma hafi tryggingarfélög bætt afnotamisi með ca kr. 8.500 á dag.

Vaxtakröfu er mótmælt, þar sem einungis megi krefjast 27% ársvaxta frá 27. september til 1. desember 1979, 3% (sic) ársvaxta frá þeim degi til 17. desember 1979, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags, en vegna þeirrar óvissu, er ríki um vaxtafót dómvaxta, verði sérstaklega um þá fjallað við munnlegan málflytning.

IV.

Álit dómsins.

Sjónarvottar virðast ekki hafa verið að árekstri þeim, sem málið er af risið. Ökumaður bifreiðar stefnanda og ökumaður bifreiðar stefnda eru ósammála um málsatvik. Framburður ökumanns bifreiðar stefnda er studdur framburði farþega hans, sem var móðir hans. Framburður ökumanns bifreiðar stefnanda er studdur framburði farþega hennar, en það var vinkona hennar og kunningjakona.

Við niðurstöðu máls þessa þykir verða að leggja til grundvallar uppdráttinn og annað, sem fram kemur í lögregluskýrsluni á dskj. 3, og þá sérstaklega það, sem sagt er um ákomustaði bifreiðanna. Á uppdrættinum er bifreiðin R 55296 sýnd eðlilega staðsett á vinstri akrein á syðri akbraut Suðurlandsvegur, og eru bremsuför bifreiðarinnar 14 m. Þessi bremsuför gefa ekki til kynna, að bifreiðinni hafi verið ekið yfir 45 km hraða, og er þá haft í huga, að áreksturinn varð á malbikuðum, þurrum og sléttum vegi, enda verður ekki á þá skoðun stefnanda fallist, að sá halli sé upp í móti

á veginum, þar sem áreksturinn varð, að það hafi teljandi áhrif á áætlaðan hraða bifreiðarinnar miðað við bremsuförin.

Þegar litið er til ákomustaða bifreiðanna, eins og þeir eru sýndir á uppdrættinum, og höfð er í huga lýsing á skemmdum á bifreiðunum í lögregluskýrslunni, þ. e. að Y 484 skemmdist vinstra megin að aftan og R 55296 hægra megin að framan, þá er það álit dómsins, að ósannað sé, að öku- maður bifreiðarinnar R 55296 hafi átt sök á árekstrinum. Niðurstað málsins verður því sú, að stefndu verða sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvæðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarsins, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Áki Jónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Bergs Haraldssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 7. júní 1983.

Nr. 37/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Matthíasi Garðarssyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Bann við hundahaldi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1983 að ósk ákærða. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. mars sl. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms að því er sakfellingu varðar, en þyngingar refsingar.